

Aðalfundur 2012

~ Haldinn þann 24.janúar ~



Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
 - Formaður og gjaldkeri
- **Tillögur og lagabreytingar**
- **Önnur mál**

- **Hlé og léttar veitingar**

- **Vídeóannáll 2011 frumsýndur**
 - Hægt verður að nálgast hann á vef félagsins
<http://modelflug.net/video/2012/>

Skýrsla stjórnar

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn í fundarsal Vinnueftirlitsins þann 10. febrúar og var rétt tæplega helmingur félagsmanna mættur. Rekstur á árinu 2010 var jákvæður en að frádregnum styrkjum og þá voru tekjurnar minni heldur en árið áður. Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Guðni V. Sveinsson var kjörinn vallarstjóri og Gunnar M. Magnússon meðstjórnandi. Að loknum aðalfundarstörfum var boðið upp á marsipanköku frá Valgeirsbakarí svo var vídeóannáll Flugmóðelfélagsins frá árinu 2010 frumsýndur og vakti mikla kátínu. Til gamans má geta þess að hann var heimsfrumsýndur í Kenýa þar sem félagi Ingólfur var staddur við störf.

Árið var mjög gott fyrir Flugmóðelfélagið og mikið um að vera. Fjórir nýjir félagar gengu í félagið en smá fækkun hefur orðið á Innherjum. Veðrið truflaði okkur ekki mikið í sumar en þó þurfti að gera smá breytingar á mótaskrá.

Í byrjun júní fór Sverrir í víking á Bickley Jets flugkomuna í Bretlandi og snéri aftur með helmingin af verðlaunagripunum (þeir voru reyndar bara tveir)! Lendingarkeppni FMS var svo haldin þann 7. júní en fáir mættu til leiks þar sem menn voru að láta veðursþána trufla sig. Þetta var hins vegar „stærsta“ landingarkeppni sem haldin hefur verið á landinu og þótt víðar væri leitað en keppendur voru á 39%, 33% og 25% vélum.

Helgina 18.-19. júní var svo komið að fyrstu flugkomunni sem haldin hefur verið á Vestfjörðum, Patró International, en okkar eigin Steinþór Agnarsson var ein af driffjöðrunum á bak við hana. Að sjálfsögðu fjölmenntu félagsmenn FMS og skemmtu sér og öðrum með miklu vængjavaggi! Stærsta flugmódel landsins skipti svo um eigendur á árinu, hélt þó í klúbbnum, en Steinþór keypti það af Þresti og hóf það sig svo til lofts á ný þann 8. júlí. Var því svo mikið flogið það sem eftir lifði sumars. Hin árlega flugkoma Norðanmanna var á sínum stað og var einnig fjölmennt á hana.

Ljósanæturflugkoman var svo haldin þann 3. september í fínasta veðri og var flogið stanslaust frá kl. 9-18, mikill og stór floti heimamanna var á svæðinu og einnig litu nokkrir góðir gestir við. Sigurjón Valsson leit við á Super Cub í lok dags og vakti mikla lukku.

Innherjar tóku svo aftur að herja á loftrými Reykjaneshallar í októberbyrjun og munu þeir stunda það fram í apríllok. Óhætt er að segja að innifluginu hafi verið vel tekið og er mikið flogið í þessum vikulegu tímum okkar.

Haustið var nokkuð milt framan af og var mikið flogið fyrri hluta þess en svo skall á vetrarveður með roki og rigningu og svo í lok nóvember með snjó. Snjórinn kom ekki að sök þó þetta hafi verið einn snjóþyngsti desember í langan tíma en rigningin og rokið gerðu okkur lífið leitt og héldu félagsmönnum talsvert frá flugvellinum seint á árinu.

Flogið var á aðfangadag, gamlársgang og nýjársgang ásamt því sem Gústi hélt frumflugshéðinni á gamlársgang.

Minnum að lokum á 20 ára afmæli félagsins sem fagnað verður í ár.

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja

Reikningar félagsins



	Inn	Út
Félagsgjöld	273.800 kr.	
Innherjar	130.000 kr.	155.250 kr.
Styrkir	100.000 kr.	
Vextir	673 kr.	
20 ára afmæli 2012		94.844 kr.
Vallarviðhald		71.873 kr.
Annað		37.765 kr.
Tryggingar		21.780 kr.
Bensín, gas, olía		13.689 kr.
Veitingar		13.427 kr.
Aðalfundur		11.798 kr.
TF-FMS		9.274 kr.
Bankakostnaður		4.439 kr.
Fjármagnstekjuskattur		134 kr.
Samtals á árinu	<u>504.473 kr.</u>	<u>434.273 kr.</u>
Færrt frá fyrra ári	399.427 kr.	
Samtals	<u>903.900 kr.</u>	<u>434.273 kr.</u>
Samtals eign í árslok	<u>469.627 kr.</u>	
Velta á árinu	1.338.173 kr.	
Rekstrarniðurstaða	70.200 kr.	

Eignir	Verð
Sláttuvél	200.000
Orf	25.000
Kerra	500.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
Samtals	775.000

Flugbrautir og vallarsvæði	33.625.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

Samtals eignir	34.400.000
-----------------------	-------------------

Niðurstaða

Eins og fram kemur hér að ofan var reksturinn á ársins jákvæður um 70.200 krónur, styrkir frá velunnurum félagsins eru 100.000 og svo á eftir að greiða af Reykjaneshöllinni 92.000.

En þegar þessar tölur eru teknar saman(mínus flugkomu 2012 kostnað) sést að árið er að koma út í mínus upp á tæplega 33.000 krónur.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins en einhver auka útgjöld verða á árinu vegna 20 ára afmælis félagsins. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu ekki undir rekstrinum. Ég legg því til að félagsgjöldin verði hækkuð í 5.500 fyrir yngri en 18 ára og 10.500 fyrir aðra félagsmenn en með því ætti að nást jöfnuður á árinu.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu um mánaðarmótin, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma, og forðast greiðslukostnað, er bent á að hafa samband við gjaldkera.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa formann og gjaldkera.

Tillögur og lagabreytingar

Liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað.

Önnur mál

Orðið er frjálst.

Minnisblað